

AUGLÝSING

um skipulag í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Biskupstungnahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1968

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

30. janúar 1968.

Nr. 25.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29/7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

43. Nefnd Verkamannafélagsins Hlífar, Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði.
Staðfest 26. janúar 1968.
44. Nefnd Verkalýðsfélags og sjómannafélags Álftfirðinga.
Staðfest 26. janúar 1968.
45. Nefnd Sjómannafélags Reykjavíkur.
Staðfest 30. janúar 1968.
46. Nefnd Vélstjórafélags Vestmannaeyja, Verkalýðsfélags Vestmannaeyja, Verkakvennafélagsins Enótar og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum.
Staðfest 30. janúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1968

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.